

Minnisblað

Efni: Breyting upphæðar húsaleigu í búsetukjörnum fatlaðs fólks.

Við yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga í byrjun árs 2011 varð sú breyting m.a. að íbúar í búsetukjörnum fatlaðs fólks greiddu húsaleigu til sveitarfélagsins í stað Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra (ríkis). Húsaleiga íbúa hafði ekki fylgt vísitöluhækkunum og í kjölfar yfirfærslu var húsaleiga hækkuð eins og heimild var fyrir, sjá reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/2010. Þrátt fyrir þær hækkanir eru húsaleigugreiðslur í búsetukjörnunum ekki í samræmi við húsaleigu í félagslegu húsnæði sveitarfélagsins.

Í reglugerð nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum segir í 11. gr.

„Húsnæðisúrræði.

Þegar þjónustuaðili tryggir fötluðu fólki húsnæðisúrræði skal gerður húsaleigusamningur um afnotin. Húsaleigulög gilda um form og efni samningsins. Húsaleigusamningur skal jafnframt staðfestur af þjónustuaðila.

Þegar húsaleigusamningur er gerður eða endurskoðaður skal fjárhæð leigu ákveðin í samræmi við reglur um félagslegt leiguhúsnæði í viðkomandi sveitarfélagi. Um breytingar á leigufjárhæð fer einnig samkvæmt þeim reglum nema sérstaklega sé kveðið á um aðra skipan í samningnum sjálfum eða í reglugerð þessari.

Kostnaðarhlutdeild þjónustuaðila og íbúa vegna húsaleigu skiptist með eftirfarandi hætti:

- Sú leiga sem íbúi greiðir er fyrir afnot af einkarými og hlutdeild í sameiginlegu rými í hlutfalli við fjölda íbúa.*
- Aukarými vegna fötlunar, svo sem starfsmannaaðstaða, og önnur aukin þörf á rými vegna sérstaks húsnæðisúrræðis, greiðist af þjónustuaðila, eftir atvikum samkvæmt sérstökum samningi við umráðaaðila húsnæðis.*

Þjónustuaðili skilgreinir hlutdeild íbúa í leigukostnaði vegna aukarýmisins, sbr. b-lið 3. mgr., í samráði við leigjanda.“

Fjölskylduþjónustan hefur í samvinnu við Umhverfis- og skipulagsþjónustu unnið að skilgreiningu á einkarými, sameiginlegu rými og aukarými vegna fötlunar. Niðurstaða þeirrar greiningar er eftirfarandi:



Íbúar greiða fyrir sitt einkarými og hlut í sameiginlegu rými á móti Hafnarfjarðarbæ. Hafnarfjarðarbær greiðir 40% af sameiginlegu rými og íbúar greiða saman 60% af sameiginlegu rými. Hlutfallið var fengið með þeim hætti að reiknað var út hlutfall starfsmanna og íbúa þegar full þjónusta er í gangi og allir íbúar eru heima. Til viðbótar við sameiginlegt rými greiðir bærinn fyrir það rými sem þarf að vera til staðar sökum fötlunar. Má þar nefna starfsmannaaðstöðu, sjúkrabaðherbergi þar sem það er til viðbótar við baðherbergi í einkarými, hjálpertækjageymsla þar sem hún er til staðar o.s.frv.

Eins og fram kemur í 11. gr. reglugerðarinnar skal fjárhæð leigu ákveðin í samræmi við reglur um félagslegt húsnæði í viðkomandi sveitarfélagi. Þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar á leigugreiðslum í búsetukjörnum eru í samræmi við þessi fyrirmæli þannig að leigugreiðslur í búsetukjörnum verði sambærilegar við það sem er í félagslegu húsnæði sveitarfélagsins. Meðfylgjandi er yfirlit yfir húsaleigugreiðslur samkvæmt ofangreindu. Gerðir verði leigusamningar um áramót 2015/2016 í samræmi við ákvæði þeirra samninga sem nú eru í gildi. Þessi breyting verði kynnt íbúum og réttindagæslumanni fatlaðs fólks í sveitarfélaginu.

Niðurstaða: Lagt er til að húsaleiga íbúa í búsetukjörnum fatlaðs fólks verði sambærileg við leigu í félagslegu húsnæði Hafnarfjarðarkaupstaðar. Breytingin taki gildi 1. janúar 2016.

Hafnarfjörður 24. október 2015.

Rannveig Einarsdóttir,

Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.

Fylgiskjal: Reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu:

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=512e8306-8da4-4a6d-9e56-5785fca65d9f>



HAFNARFJÖRÐUR